



# SVÆÐISSKIPULAG SUÐURNESJA 2008 - 2024

## DRÖG AÐ SVÆÐISSKIPULAGI SUÐURNESJA 2008-2024 Viðbrögð við athugasemdum

Samvinnunefnd um Svæðisskipulag Suðurnesja  
Febrúar 2012

### Önnur gögn Svæðisskipulags Suðurnesja:

- Greinargerð Svæðisskipulags Suðurnesja, dags. nóvember 2012
- Greinargerð með afgreiðslu samvinnunefndar skv. 9. gr. laga nr. 105/2006
- Umhverfisskýrsla dags. nóvember 2012
- Viðbrögð við athugasemdum, dags. nóvember 2012



**08182**  
**Febrúar 2012**

Nr. útg.	Dagsetning	Unnið	Yfirfarið	Samþykkt
1	9.03.2012	SGT	sgt	SGT



## Efnisyfirlit

<b>1.</b>	<b>Inngangur</b>	<b>2</b>
<b>2.</b>	<b>Athugasemdir og umsagnir</b>	<b>2</b>
<b>3.</b>	<b>Siglingastofnun</b>	<b>2</b>
3.1	Viðbrögð	2
<b>4.</b>	<b>Hafnarfjarðarbær</b>	<b>3</b>
4.1	Viðbrögð	3
<b>5.</b>	<b>Garðabær</b>	<b>4</b>
5.1	Viðbrögð	4
<b>6.</b>	<b>Innanríkisráðuneytið</b>	<b>4</b>
6.1	Viðbrögð	4
<b>7.</b>	<b>Veðurstofa Íslands</b>	<b>4</b>
7.1	Viðbrögð	4
<b>8.</b>	<b>Umhverfisstofnun</b>	<b>4</b>
8.1	Viðbrögð	6
<b>9.</b>	<b>Landvernd</b>	<b>7</b>
9.1	Viðbrögð	8
<b>10.</b>	<b>HS Orka</b>	<b>8</b>
10.1	Viðbrögð	8
<b>11.</b>	<b>Landsnet</b>	<b>8</b>
11.1	Viðbrögð	9
<b>12.</b>	<b>Landeigendur í Vogum</b>	<b>9</b>
12.1	Viðbrögð	10
<b>13.</b>	<b>Skipulagsstofnun</b>	<b>10</b>
13.1	Viðbrögð	11
<b>14.</b>	<b>Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja (HES)</b>	<b>11</b>
14.1	Viðbrögð	11

## 1. Inngangur

Drög að Svæðisskipulagi Suðurnesja 2008-2024, ásamt umhverfisskýrslu, voru kynnt og leitað eftir athugasemdum á tímabilinu 19. október til 17. nóvember 2011. Alls bárust 8 umsagnir frá lögbundnum umsagnaraðilum og 4 athugasemdir frá landeigendum, náttúruverndarsamtökum og lögaðilum.

Í þessari samantekt er gerð grein fyrir megin inntaki ábendinga og viðbrögðum samvinnunefndar um Svæðisskipulag Suðurnesja við þeim. Í viðauka eru ábendingarnar birtar í heild sinni.

Tekið hefur verið tillit til margvíslegra ábendinga. Þær helstu snúa að afmörkun vatnsverndarsvæða.

## 2. Athugasemdir og umsagnir

Drög að Svæðisskipulagi Suðurnesja voru auglýst í Víkurfréttum, Fréttablaðinu og á heimasíðum Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum og allra sveitarfélaga. Samvinnunefndin sendi bréf til lögbundinna umsagnaraðila með ósk um álit á drögum. Eftirtaldir aðilar sendu inn athugasemdir og umsagnir.

[1]	Siglingastofnun	[8]	HS Orka
[2]	Hafnarfjarðarbær	[9]	Landsnet
[3]	Garðabær	[10]	Landeigendur í Vogum
[4]	Innanríkisráðuneyti	[11]	Skipulagsstofnun
[5]	Veðurstofa Íslands	[12]	Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja
[6]	Umhverfisstofnun		
[7]	Landvernd		

Auk þess gerði Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja grein fyrir ábendingum sínum á fundi með formanni samvinnunefndar.

Eftirtaldir aðilar sendu ekki inn álit vegna draga að svæðisskipulagi.

Sveitarfélagið Ölfus	Ferðamálastofa
Fornleifavernd ríkisins	Suðurlindir
Orkustofnun	Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti
Reykjanesfólkvangur	Utánríkisráðuneyti
Vegagerðin	Flugmálastjórn

## 3. Siglingastofnun

Á undanförunum árum hefur Siglingastofnun í samráði við sveitarfélög á Suðurnesjum haft umsjón með byggingu sjóvarnargarða allvíða við strandlengjuna. Að mati heimamanna er sums staðar þörf á frekari uppbyggingu sjóvarna til að fyrirbyggja tjón.

Verndun strandlengjunnar og uppbygging sjóvarna fer ekki allskostar saman og rétt að svæðisskipulagið marki einhverja stefnu í því hvar viðhalda á sjóvörnum, hvar sporna á við frekar landbroti/ flóðahættu með nýjum görðum og hvar leyfa á náttúruöflunum að hafa sinn gang.

### 3.1 Viðbrögð

Í samræmi við ábendingar Siglingastofnunar er búið að skerpa á skilmálum um verndun strandlengjunnar. Það felur m.a. í sér að þar kemur fram að verndun mannvirkja og lands hefur forgang umfram verndun strandlengjunnar, enda er hún ákveðin í Sjóvarnarskýrslur Siglingastofnunar eða sveitarfélög telja hana nauðsynlega.

Samvinnunefndin hefur ekki nægjanleg gögn til að afmarka hvar sporna skuli við frekara landbroti eða hvar skuli leyfa náttúruöflum að hafa sinn gang. Stefna um verndun strandlengjunnar er almenn eins og kemur fram í greinargerð.

#### 4. Hafnarfjarðarbær

Í áætlun um svæðisskipulag á Suðurnesjum kemur margt fram sem til fyrirmyndar er hvað varðar samvinnu um stefnu, sýn og markmið sveitarfélagana sem að því standa.

Tekið eru undir það sem kemur fram um skynsamlega nýtingu jarðhitaorku og áherslu á verndun menningar- og náttúruminja. Áhersla á uppbyggingu í sátt við náttúruna er mjög jákvæð, og skilgreining jarðvangs er áhugaverð hugmynd. Þá er sú áhersla sem lögð er á vatnsvernd og fjölbreyttar og vistvænar samgöngur afar jákvæð sem og áætlun um verndun strandlengjunnar.

Helstu snertifletir við skipulagsáætlanir Hafnarfjarðar eru annars vegar á sviði jarðvarma og raforkuflutnings (bls. 17) og hins vegar í tengslum við samgöngur. Tekið eru undir áform um að eiga gott samstarf við Hafnarfjarðarbæ að mótun stefnu um legu háspennulína frá mögulegum orkuvinnslusvæðum þar sem fara þarf vel yfir áætlanir, og markmið um náttúruvernd og útivist. Bent er á að Hafnarfjarðarbær hefur nýtingarrétt á öllum jarðhita innan Krýsuvíkur, jafnt innan sveitarfélagsmarka Hafnarfjarðar og Grindavíkur.

Skoða þarf sérstaklega hvernig möguleg flutningskerfi raforku koma til með að falla að skipulagsáætlunum þegar til lengri tíma er litið og skoða sérstaklega kosti þessa að fara annars vegar eftir meginflutningskerfi Landsnets eða hins vegar meðfram Suðurstrandarvegi. Sett eru fram skýr markmið um samvinnu varðandi þessa þætti, einkum hið fyrr nefnda. Þá mætti skoða enn frekar aukna samlegð samgönguáætlana svo sem lagningu göngu- og hjólréiðastíga sem koma að mörkum Hafnarfjarðar.

Þá er mikilvægt að samstarf sé milli sveitarfélaganna á Suðurnesjum og á Höfuðborgarsvæðinu varðandi uppbyggingu hafnarmannvirkja, eins og kemur fram í stefnumörkun svæðisskipulagsins um hafnir (bls.19). Þá má nefna að mikilvægt er að tengsl séu milli svæðisskipulags Suðurnesja og væntanlegs svæðisskipulags Höfuðborgarsvæðisins.

##### 4.1 Viðbrögð

Samvinnunefndin fagnar viðbrögðum Hafnarfjarðarbæjar og mun halda áfram samráði við sveitarfélagið um þau fjölmörgu sameiginlegu hagsmunamál sem koma fram í svæðisskipulaginu.

Samvinnunefndin hefur bætt við í umfjöllun um göngu- og hjólréiðastíga að samráð skuli hafa við Hafnarfjarðarbæ um útfærslu og legu þeirra.

Varðandi ábendingu um nýtingarrétt á jarðhita innan Krýsuvíkur vill samvinnunefndin benda á að í svæðisskipulagi er mörkuð stefna um skipulag á landsvæðum til lengri tíma, en ekki skorðið úr um ágreining á landi eða öðrum réttindum. Yfirlýsing Hafnarfjarðarbæjar um eignarhald á allri nýtanlegri orku í landi Krýsuvíkur á því ekki við á þessum vettvangi.

Samvinnunefndin mótmælir því að Hafnarfjarðarbær fari með allan nýtingarrétt jarðhita í landi Krýsuvíkur og bendir á Héraðsnefnd Suðurnesja er eigandi upplandsins í Krýsuvík, en ríkið eigandi grunnréttinda.

## 5. Garðabær

Garðabær gerði í fyrstu athugasemd við lögsögumörk Grindavíkur og Garðabæjar og þar af leiðandi mörk milli svæðisskipulags Suðurnesja og Svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins. Síðar sendi Garðabær leiðréttingu þar sem athugasemdin var dregin til baka.

### 5.1 Viðbrögð

Umsögn Garðabæjar krefst ekki viðbragða samvinnunefndar.

## 6. Innanríkisráðuneytið

Innanríkisráðuneytið gerir ekki athugasemd við drög að Svæðisskipulagi Suðurnesja.

### 6.1 Viðbrögð

Umsögn innanríkisráðuneytis krefst ekki viðbragða samvinnunefndar.

## 7. Veðurstofa Íslands

Veðurstofa Íslands hefur lagt til forsendur sem tryggja ásættanlega virkni veðurratsjárinnar sem Veðurstofa Íslands starfrækir á Miðnesheiði og er hún notuð til öflunar veðurfarsupplýsinga á svæðinu en einnig er hún mikilvæg við vöktun á eldgosum sem verða á suðvestur hluta landsins. Skilgreindir hafa verið skilmálar sem skulu gilda á áhrifasvæði ratsjárstöðvarinnar.

1. Takmörkunarsvæði sem er afmörkun á mikilvægu sjónsvæði ratsjárstöðvarinnar. Sveitarfélögin Sandgerðisbær og Reykjanesbær skulu hafa samráð við Veðurstofu Íslands áður en veitt er byggingarleyfi fyrir mannvirkjum innan 1000 m radíusar frá staðsetningu ratsjárstöðvarinnar sem eru hærri en 41,5 m y.s. og fara því yfir sjónlínu ratsjárstöðvarinnar.

2. Öryggissvæði. Almenn umferð og starfsemi verði ekki skipulögð eða heimiluð innan 100 m radíusar frá ratsjárstöðinni.

### 7.1 Viðbrögð

Í kjölfar umsagnar Veðurstofu Íslands var Sandgerðisbæ falið að ræða nánar um skilmála, efni þeirra og innihald og rökstuðning. Veðurstofan aflaði frekari upplýsinga, m.a. frá framleiðenda. Í kjölfar þeirra hafa skilmálar breyst á þann veg að í tl. 1 er vísað til mannvirkja sem eru hærri en 46,8 m y.s. og í tl. 2 er miðað við 400 m radíus.

Samvinnunefndin fellst á að tilgreina þessa skilmála í Svæðisskipulagi Suðurnesja.

## 8. Umhverfisstofnun

### Náttúruverndarsvæði

Umhverfisstofnun bendir á að friðlýsing annars vegar og stofnun jarðvangs hins vegar eru tvær afar ólíkar stefnur varðandi verndun náttúruvinnna. Að mati Umhverfisstofnunar er það mjög miður að ekki skuli stefnt að friðlýsingu samkvæmt stefnumörkun stjórnvalda enda eru verndarhagsmunir enn mjög miklir á landssvæði svæðisskipulagsins að mati stofnunarinnar. Umhverfisstofnun bendir á að friðlýsing er ein tegund landnýtingar og telur stofnunin að hægt sé að stefna áfram að friðlýsingu þeirra svæða er um ræðir enda felur friðlýsingin í sér samkomulag milli landeigenda, sveitarfélaga og ríkisins.

## Háhitasvæði og orkuvinnsla

Umhverfisstofnun er ekki hlynnt orkunýtingu innan Reykjanesfólkvangs og ekki hlynnt ágengri orkunýtingu á svæðum á náttúruminjasrá, sem hefur í för með sér rýrnun á verndargildi svæðanna. Stofnunin bendir einnig á að þótt að stefnt sé að sjálfbæra nýtingu háhitasvæða, þá er nýting í Svartsengi og á Reykjanesi ágeng orkunýting.

Umhverfisstofnun telur nauðsynlegt að í svæðisskipulagi Suðurnesja komi fram tímasettar áætlanir um förgun affallsvatns frá Svartsengi til framtíðar. Einnig hefur aukin yfirborðsvirkni haft mikil áhrif á hverasvæði Gunnuhvers og aðliggjandi svæði, og telur Umhverfisstofnun mikilvægt fyrir svæðið að slík röskun verði ekki umhverfis nýjar virkjanir ef til þeirra kemur.

## Vatnsverndarsvæði

Í umfjöllun um atvinnusvæði í umhverfisskýrslu kemur fram að umfang atvinnusvæða sem kallast A, B og D eru að hluta inn á grannsvæði vatnsverndar og því ríkir óvissa um umhverfisáhrif þar sem slíkt er háð þeirri starfsemi sem fyrirhuguð er á því svæði. Að mati Umhverfisstofnunar þarf að setja í svæðisskipulagið stefnumörkun um að aðeins sú starfsemi sem ekki hefur í för með sér hættu á mengun verði leyfð á grannsvæðum ofangreindra atvinnusvæða.

## Strandlengjan

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjörur verði vaktaðar á reglubundinn hátt þar sem frárennsli er frá iðnaði svo sem við Reykjanesvirkjun ásamt því að frárennsli mun í framtíðinni fara í sjó fram t.d. frá senegallfúrueldi ef áætlanir um slíkt eldi verða að veruleika. Einnig telur Umhverfisstofnun mikilvægt að viðbragðsáætlun sé til staðar ef óhöpp verða.

## Fráveita

Umhverfisstofnun vill benda á áætlun og tímamörk fyrir fráveitur í reglugerð nr. 798/1999. Að mati stofnunarinnar er mikilvægt að áætlanir í svæðisskipulaginu um frekari uppbyggingu fráveitu í sveitarfélaginu verði tímasett.

## Skógrækt

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að tekið verði tillit til nútímahrauna og annarra náttúruminja sem njóta sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Umhverfisstofnun bendir einnig á mikilvægi þess að við gerð skógræktaráætlana sé hugað að því að skógurinn muni falla vel að landslagi Suðurnesja. Umhverfisstofnun bendir einnig á að innan Suðurnesja er að finna upprunalegan birkiskóg og bendir á mikilvægi verndun upprunalegra birkiskóga.

## Samfélag og sjónræn áhrif

Í umfjöllun um áhrif á samfélag eru taldir upp þeir þættir er taka verði tillit til við skipulag og nýtingu háhitasvæða. Að mati Umhverfisstofnunar þyrfti einnig að fjalla um sjónræn áhrif þeirra framkvæmda og mannvirkja sem fyrirhuguð nýting kemur til með að hafa í för með sér og hvaða áhrif hún getur haft á upplifun fólks af svæðinu með tilliti til þess útivistargildi sem svæðið hefur.

## 8.1 Viðbrögð

### Náttúruvernd

Samvinnunefndin hefur í mótun svæðisskipulagsins lagt áherslu á frumkvæði sveitarfélaga í stefnu um landnýtingu. Stór og mikilvægur þáttur í því er að stefna að jafnvægi í verndun og nýtingu á Suðurnesjum og til þess er m.a. ætlað að nýta stefnumörkun svæðisskipulagsins og aðferðafræði jarðvanga. Nálgun svæðisskipulagsins er önnur en náttúruverndaráætlunar.

Samvinnunefndin er meðvituð um mikla verndarhagsmuni Suðurnesja og hefur m.t.t. þeirra mótað margvíslega skilmála um ákvarðanir um landnotkun. Þá ber þess að geta að svæðisskipulagið markar stefnu um verndun jarðmyndana, auk þess sem verulegar takmarkanir eru á landnotkun á stórum hluta Reykjaneskagans vegna vatnsverndar og náttúruverndar.

### Háhitasvæði og orkuvinnsla

Stefna svæðisskipulagsins er að meta tækifæri háhitasvæða til orkuöflunar. Nýting orkuvinnslusvæða skal vera sjálfbær og er miðað við skilgreiningu Orkustofnunar um sjálfbæra orkuvinnslu og orkunýtingu.

Samvinnunefndin bendir á að vinna við stofnun jarðvangs mun tryggja að sjónarmið mismunandi landnýtingar verði skoðuð og um flest svæðin gilda ýmsar kvaðir vegna staðsetningar innan verndarsvæða. Sá rammi sem svæðisskipulagið mótar er ætlað að tryggja að sjálfbær nýting verði á háhitasvæðum Suðurnesja.

Varðandi ábendingar um tímasettar áætlun um förgun affallsvatns í Svartsengi er bent á að Svæðisskipulag Suðurnesja er stefnumörkun og yfirlit um aðgerðir og áherslur sem þarf að ráðast í. Skipulagið leggur ekki upp ákvörðun um einstaka framkvæmd eða tímasetur þær. Slíkum ákvörðunum er vísað til útfærslu í aðalskipulagsáætlunum og deiliskipulagsáætlunum sveitarfélaga, sem þurfa að taka mið af stefnu svæðisskipulagsins.

Að mati samvinnunefndar hafa ekki verið lögð fram gögn sem styðja fullyrðingu um ágenga vinnslu í Svartsengi og á Reykjanesi.

### Vatnsverndarsvæði

Afmörkun sameiginlegra atvinnusvæða er skematísk og er til skýringar. Hún felur ekki í sér staðbundna ákvörðun um mörk. Afmörkun vatnsverndarsvæða er hins vegar bindandi. Um þau gilda kvaðir skv. lögum og reglum. Kvaðir sem gilda um grannsvæði eru skýrar í svæðisskipulaginu og koma í veg fyrir starfsemi sem hefur í för með sér mengun og uppbyggingu mannvirkja.

Búið er að skerpa umfjöllun umhverfisskýrslu m.t.t. ábendinga Umhverfisstofnunar og viðbragða samvinnunefndarinnar.

### Strandlengjan

Svæðisskipulagið setur fram almenna stefnu um verndun strandlengju og skilgreinir hvað felist í slíkri verndun. Á þessu skipulagsstigi liggja ekki fyrir upplýsingar til að krefjast vöktunar, en stefna skipulagsins mun hins vegar leiða til þess að huga þarf að vöktunaráætlunum við gerð aðalskipulagskipulags og deiliskipulags. Ítarleg



vöktunaráætlun vegna frárennslis verður skilgreind í leyfisveitingum s.s. framkvæmdaleyfi og starfsleyfi.

### Fráveita

Samvinnunefndin getur ekki sett tímasett mörk fyrir uppbyggingu fráveitu á Suðurnesjum. Þau fráveitumannvirki sem svæðisskipulagið mótar stefnu um eða fjallar um eru fyrst og fremst ætluð að anna aukinni uppbyggingu við Ásbrú (B), Ásbrú norður (A) og Reykjanes (D). Fráveituframkvæmdir munu því verða ákveðnar í samræmi við þróun og uppbyggingu þessara svæða. Samvinnunefndin mun hefur í greinargerð bætt við tilvísun í reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ.

### Skógrækt

Samvinnunefndin hefur bætt við skilmálum um nýja skógrækt, að hún skuli taka tillit til nútímahrauna, annarra náttúruminja sem njóta verndar 37. gr. náttúruverndarlaga, og landslags. Einnig hefur verið lögð fram sú stefna að vernda skuli upprunalega birkiskóga.

### Samfélag og sjónræn áhrif

Samvinnunefndin tekur undir ábendingar Umhverfisstofnunar og mun bæta við í skilmálum um skipulag og nýtingu háhitasvæða skuli fjalla um sjónræn áhrif framkvæmda og mannvirkja, og möguleg áhrif á upplifun svæðisins m.t.t. útivistargildis þess.

## 9. Landvernd

Landvernd fagnar markmiðum í auðlindakafli um að skilgreina eigi sameiginleg tækifæri sem tengjast jarðvísindum, jarðsögu og menningarminjum. Jafnframt að kortleggja eigi áhugaverð svæði, staðbundið og á heimsvísu. Til að undirstrika þetta er stefnt að því að skilgreina jarðvang á Reykjaneskaga.

Í drögum að svæðisskipulaginu kemur fram að það sé stefna skipulagsins að vinna ekki að óbreyttu að friðlýsingu svæða á Suðurnesjum eins og þau eru afmörkuð í þingsályktun um náttúruverndaráætlun 2009-2013, heldur verði þess í stað lögð fram stefna um jarðvang sem nær yfir Suðurnesin. Landvernd telur mikilvægt að fylgja náttúruverndaráætlun eftir og sér ekki nauðsyn þess að hverfa frá henni á svæðinu vegna jarðvangsins, heldur styrki friðlýsingu svæða fyrirhugaðan jarðvang. Reyndar er það skoðun Landverndar, og 12 annarra náttúruverndarsamtaka, að stofna beri eldfjallabjóðgarð á Reykjanesi til þess að tryggja verndun svæðisins til frambúðar og stuðla að jákvæðri uppbyggingu á ferðapjónustu og fjölbreyttum útivistarmöguleikum. Landvernd hvetur því til verndunar alls svæðisins innan Reykjanesfólkvangs.

Árið 2002 kynntu Landvernd og Ferðamálasamtök Suðurnesja hugmyndir um eldfjallagarð eða jarðminjagarð (jarðvang) á svæðinu frá Þingvallavatni að Reykjanesi. Slíkur garður hefur nú verið stofnsettur á Suðurlandi, þ.e. Kötluagarðurinn og þar sjá heimamenn fram á talsverða atvinnuuppbyggingu tengda því verkefni. Niðurstöður úr nýlegri meistaraprófsritgerð benda til að Reykjaneskagi henti vel sem eldfjallagarðssvæði fyrir jarðfræðitengda ferðapjónustu vegna legu sinnar nálægt höfuðborg og alþjóðaflugvelli en ekki síður vegna hinna fjölbreyttu eldvarpa, gosminja, einstakra hraunhella og háhitasvæða sem þar er að finna. Innan fólkvangsins og í nágrenni hans má enn finna svæði sem falla undir skilgreiningu víðerna. Mjög sérstakt og verðmætt er að slík svæði finnist svo nærri miklu þéttbýli með allri þjónustu. Í sérstökum ábendingum frá Faghópi II í 2. áfanga rammaáætlunar var bent á að mikilvægi lítt snortinna svæða í nágrenni höfuðborgarinnar hafi líklega verið vanmetið, bæði fyrir útivist

þeirra sem þar búa og fyrir ferðaþjónustuna á höfuðborgarsvæðinu. Það er því rík ástæða til að vernda þetta svæði.

## 9.1 Viðbrögð

Samvinnunefndin hefur í mótun svæðisskipulagsins lagt áherslu á frumkvæði sveitarfélaga í stefnu um landnýtingu. Stór og mikilvægur þáttur í því er að stefna að jafnvægi í verndun og nýtingu á Suðurnesjum og til þess er m.a. ætlað að nýta stefnumörkun svæðisskipulagsins og aðferðafræði jarðvanga.

Samvinnunefndin er meðvituð um mikla verndarhagsmuni Suðurnesja og hefur m.t.t. þeirra mótað margvíslega skilmála um ákvarðanir um landnotkun. Þá ber þess að geta að svæðisskipulagið markar stefnu um verndun jarðmyndana, auk þess sem verulegar takmarkanir eru á landnotkun á stórum hluta Reykjanesskagans vegna vatnsverndar og náttúruverndar.

Stefna um verndun náttúruminja og uppbyggingu ferðaþjónustu og fjölbreytta útivist fer saman við stefnu um jarðvang á Suðurnesjum. Nálgun svæðisskipulagsins tekur mið af ólíkum sjónarmiðum um nýtingu og er önnur en nálgun náttúruverndaráætlunar.

## 10. HS Orka

Ábendingar HS Orku voru m.a. um orðalag og skýrari framsetningu skilmála og stefnu. HS Orka lagði fram tillögu um að svæðisskipulagið tæki boðveitu.

### 10.1 Viðbrögð

Samvinnunefndin hefur brugðist við ábendingum um orðalag og skerpt á texta.

## 11. Landsnet

Fjallað er um flutningskerfi raforku í kaflanum "Veitur og Samgöngur". Þar kemur fram að stefna samvinnunefndarinnar sé að skoða skuli möguleika á orkuvinnslu á 3 svæðum á Suðurnesjum, sem eru (1) Reykjanes og Stóra Sandvík, (2) Eldvörp-Svartsengi og (3) Trölladyngja, Sandfell og Sveifluháls. Slíkri orkuvinnslu fylgi orkuflutningar og fara þurfi með gát við val á flutningsleiðum raforku vegna náttúruverndargildis þessara svæða.

Vegna mögulegrar orkuvinnslu við Trölladyngju, Sandfell og Sveifluháls kemur fram að litið hefur verið til nokkurra leiða s.s. að fara stystu leið að Suðurnesjalínum og fylgja Suðurstrandarvegi og Grindavíkurvegi að Svartsengi. Umrædd svæði séu viðkvæm og hafi gildi sem náttúru- og jarðfræðifyrirbrigði sem og til útivistar. Jafnframt tengist hugmyndir um orkuvinnslu og raforkuflutning hagsmunum Hafnirðinga. Það þarf því að marka stefnu um hvoru tveggja í samráði við Hafnarfjarðarbæ. Svæðisskipulagsnefndin leggur fram þá tillögu um að litið verði til þess að flytja raforku frá orkuvinnslusvæðinu stystu leið og fylgja Krýsuvíkurvegi/Kleifarvatnsvegi að meginflutningskerfi Landsnets í Hafnarfirði. Helstu rök þessarar niðurstöðu eru að fylgt er núverandi mannvirkjabelti og því dregið úr umhverfisáhrifum og leiðin er styttri en leið meðfram Suðurstrandarvegi og því hagkvæmari. Þá gefur sú leið jafnframt möguleika á að liggja að öllu leyti utan náttúruverndar- og vatnsverndarsvæða, en þá mun hún hins vegar ekki fylgja núverandi mannvirkjabelti alla leið að tengivirki.

Í greinargerðinni kemur einnig fram að þrátt fyrir þessa stefnu samvinnunefndarinnar þurfi að huga að mörgum þáttum áður en ákvörðun verði tekin um lagnaleið og útfærslu hennar. Landsnet bendir á að á fyrri stigum hafa ýmsar leiðir verið til skoðunar innan fyrirtækisins varðandi tengingu þessara svæða. Um svæðin ríkir ákveðin óvissa og hefur

vinnan því legið niðri um nokkurt skeið og þess beðið að betri forsendur liggi fyrir um stærð orkuvinnslusvæðanna, nánari staðsetningu virkjana og virkjanaröð.

Nýlega hefur Landsnet fundað með orkuvinnsluaðilum á svæðinu og framundan er að hefja að nýju kerfisgreiningu og kerfishönnun á grundvelli nýrra forsendna.

Við skoðun á tengingu þessara svæða þarf að leggja til grundvallar sviðsmyndir sem taka tillit til orkuframleiðslu og álagsdreifingar í flutningskerfinu í heild sinni og styrkleika þess. Að mati Landsnets er ótímabært að leggja til eina hugsanlega orkuflutningsleið eins og gert er drögunum og á þessu stigi er t.d. ekki hægt að fullyrða hvort tenging til Hafnarfjarðar sé tæknilega fýsileg lausn.

Því leggst Landsnet gegn því að möguleg tenging frá Sveifluhálsi til Hafnarfjarðar sé sýnd að sinni.

Landsnet bendir einnig á að í kaflanum um aðgerðir til raforkuflutninga er fjallað um þá stefnumótun, sem þarf að fara fram varðandi hugsanlegar tengingar á svæðinu. Í upptalningu samráðsaðila um slíkar útfærslur er Landsnet ekki nefnt sem samstarfsaðili við þá vinnu og eru gerðar athugasemdir við það. Landsnet óskar eftir því að fá aðkomu að málinu á fyrstu stigum, enda verið að móta stefnu um orkuteningar sem eru á ábyrgð fyrirtækisins og verða lögum samkvæmt að uppfylla ákveðin skilyrði um hagkvæmni, öryggi, skilvirkni áreiðanleika afhendingar og gæða raforku.

### 11.1 Viðbrögð

Samvinnunefndin leggur fram tillögu um lagnaleið frá Trölladyngju, Sandfelli og Sveifluhálsi, sem er ekki staðbundin ákvörðun. Nefndin tekur undir með Landsneti að það þurfi að liggja fyrir frekari upplýsingar áður en ákvörðun er tekin um legu lagnabeltis, s.s. stærð virkjana, staðsetning þeirra og forgangsröðun. Þetta er því tillaga nefndarinnar, en hún er ekki bindandi á þessu stigi, þ.e.a.s. að hún gerir ekki kröfu um að lagnaleið liggji eins og hún er sýnd á skýringarmynd, enda er tákn hennar „möguleg lagnaleið“.

Samvinnunefndin hefur bætt við skilmálum sem snúa að ákvörðun um lagnabelti, sem er að samráð þarf að hafa við ýmsa aðila áður en ákvörðun er tekin um nákvæma og fastsetta legu, m.a. Landsnet og HS Orku.

## 12. Landeigendur í Vogum

1. Landeigendur taka fram að vegna umfjöllunar um línuleið yfir eignarlönd í Sveitarfélaginu Vogum, að þeir leyfi einungis lagningu jarðstrengja á umræddu línustæði yfir eignarlönd þeirra. Landeigendur telja að háspennulínur í lofti muni verulega hamla og rýra tækifæri til atvinnuuppbyggingar í ferðaþjónustu og greinum henni tengdri, ekki einungis í Vogum heldur á öllum Suðurnesjum. Slíkar línur eyðileggi gjörsamlega land innan sveitarfélagsins og rýra mjög lífsgæði á svæðinu.

2. Landeigendur því að eignarlönd þeirra meðfram Reykjanesbraut að sunnanverðu verði skilgreind sem grannsvæði vatnsverndar, alla leið að landi Hafnarfjarðar. Skv. gildandi aðalskipulagi Sveitarfélagsins Voga er stór hluti þessa svæðis skilgreindur sem óbyggt svæði, en annað sem fjarsvæði vatnsverndar. Vísað er til meðalhófsreglu stjórnskipunar og stjórnsýslulega, sem felur í sér að stjórnvöld eigi ekki að ganga lengra í því að þrengja að hag borgaranna en ítrasta nauðsyn ber til þ. á m. að ekki beri að setja meiri takmarkanir á eignaréttinn og ráðstöfun hans en nauðsynlegt er vegna almannahagsmuna.

3. Landeigendur mótmæla allri mengandi stóriðju á Keilisnesi. Mengandi stóriðja á Keilisnesi eins og t.d. álver, gerir Vatnsleysuströndina að mestu óbyggilega enda félli stærsti hluti strandarinnar innan þynningarsvæðis verksmiðjunnar.

5. Landeigendur gera athugasemd við lista yfir náttúruminjar á Suðurnesjum, þar sem Keilir og Höskuldarvellir eru sagðir í Grindavík og Sveitarfélaginu Vogum. Hið rétta sé að Keilir og Höskuldarvellir séu einungis í Sveitarfélaginu Vogum.

6. Vegna umfjöllunar um almenningssamgöngur er rétt að taka fram að engar almenningssamgöngur hafa verið um Vatnsleysuströndina í áraráðir eða síðan sérleyfishafinn SBK ákvað að leggja niður ferðir um ströndina. Almenningsamgöngur ættu að vera grunnþjónusta í sérhverju byggðarlagi og ekki ásættanlegt að fyrirtæki haldi sérleyfi á leið sem það ætli sé ekki að sinna.

### 12.1 Viðbrögð

1. Samvinnunefndin bendir á að í svæðisskipulagi Suðurnesja er mörkuð stefna um lagnaleið eða lagnabelti, sem verði meginflutningsleið raforku á Suðurnesjum. Í skipulaginu er ekki mörkuð stefna um tegund lagna, þ.e.a.s. hvort um jarðstreng eða línur verði að ræða.

2. Samvinnunefndin hefur við afmörkun á vatnsverndarsvæðum byggt á greinargerð ÍSOR um vatnsverndarsvæði á Suðurnesjum, sem unnin var fyrir samvinnunefndina. ÍSOR hefur afmarkað grannsvæði sunnan Reykjanesbrautar með framtíðarhagsmuni í huga. Frá því að unnið var að Svæðisskipulagi Suðurnesja 1987-2007 hefur sú skoðun verið uppi að framtíðarvatnsból verði sunnan við Reykjanesbrautina. Þótt það hafi ekki gerst enn, eru þau sjónarmið í fullu gildi.

Samvinnunefndin hefur ákveðið að skilgreina stóran hluta umrædds svæðis sem fjarsvæði í stað grannsvæðis. Megin forsenda þess er að ekki liggur fyrir afmörkun vatnsbóla eða brunnsvæða. Til þess tryggja framtíðarhagsmuni hefur samvinnunefndin gert grein fyrir megin straumum grunnvatns á umræddu svæði, sem þarf að taka mið af við ákvörðun um landnotkun- og nýtingu.

3. Samvinnunefndin hefur afmarkað sameiginlegt atvinnusvæði á Keilisnesi. Sú ákvörðun byggir m.a. á ákvörðun Sveitarfélagsins Voga um landnotkun á Keilisnesi í aðalskipulagsáætlunum sveitarfélagsins.

5. Upptalning á náttúruminjum á Suðurnesjum, í töflu 4, var byggð Náttúruminjaskrá. Samvinnunefndin bætt við í töflu 4, að mörk séu óviss milli Grindavíkurbæjar og Sveitarfélagsins Voga. Er það í samræmi við aðalskipulagsáætlanir sveitarfélaganna.

6. Svæðisskipulagið fjallar ekki um rekstur almenningssamgangna og mun því ekki bregðast við athugasemdum um hann.

## 13. Skipulagsstofnun

Skipulagsstofnun fór yfir lýsingu verkefnis og bendir á eftirfarandi atriði sem gera þarf nánari grein fyrir í skipulagsgreinargerð og/eða umhverfisskýrslu:

- Skipulagsstofnun bendir á að umsagnir fagstofnana, leyfisveitenda og hagsmunaaðila ættu að liggja fyrir áður en tillagan ásamt umhverfisskýrslu er auglýst til þess að hægt sé að bregðast við ábendingum/athugasemdum stofnana áður en endanleg tillaga er mótuð og áhrif hennar metin.

- ▶ Skipulagsstofnun bendir á að senda þurfi tillögu að svæðisskipulagi ásamt umhverfisskýrslu til sveitarstjórnar til samþykktar og síðan til athugunar Skipulagsstofnunar.
- ▶ Bæta þarf við Landsneti sem umsagnaraðila vegna tillögu og umhverfisskýrslu.
- ▶ Skýrt þarf að vera í skipulagsgögnum hvort svæðisskipulagið markar stefnu um staðbundnar ákvarðanir og hverjar þær séu.
- ▶ Hafa þarf hliðsjón af athugasemdum stofnunarinnar við matslýsingu.

### 13.1 Viðbrögð

Samvinnunefndin hefur tekið tillit til ofangreindra ábendinga.

## 14. Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja (HES)

HES leggur til að grannsvæði vatnsbólanna í Lágum nái til aðrennsli grunnvatns að vatnsbólunum. Samkvæmt korti ÍSOR yfir grunnvatnsstrauma rennur meginstraumur grunnvatns til vatnsbólanna frá Fagradalsfjalli undir Grindavíkurveg á ca. 3 km kafla. Ef bílvelta verður á þessum kafla, og umtalsvert magn olíu rennur niður í jarðveginn, munu vatnsból Suðurnesjamanna spillast á örfáum vikum með öllum þeim afleiðingum sem af því hlytist fyrir fyrirtæki og heimili á Suðurnesjum.

Í ljós koma að sérfræðingar [ÍSOR] höfðu ekki velt fyrir sér afleiðingum af olíuslysi á Grindavíkurveginum, heldur er grannsvæðið miðað við lífræna mengun. Lítil hættu er á lífrænni mengun á aðrennissvæði vatnsbólanna. Slík mengun er oftast frá landbúnaði en engin slík starfsemi er á svæðinu. Hinsvegar eru þar miklir olíuflutningar.

Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja getur ekki fallist á núverandi tillögu að svæðisskipulagi nema grannsvæðum vatnsbólanna í Lágum verði lengt í austur svo að aðstreymi þeirra verði verndað eins og kostur er.

### 14.1 Viðbrögð

Samvinnunefndin hefur ákveðið að stækka grannsvæði vatnsbólanna í Lágum austur yfir Grindavíkurveg. Að svo stöddu verður svæðið ekki stækkað frekar. Samvinnunefndin telur að með því að stækka grannsvæðið til austurs, yfir Grindavíkurveg, sé tekið tillit til helstu mögulegu mengunarhættu vatnsbólans í Lágum, sem er olíumengun. Frekari stækkun, í samræmi við ábendingar Heilbrigðisnefndar Suðurnesja, bíða síðari tíma. Með stækkun grannsvæðis til austurs eru gerðar kröfur um aðgerðir á Grindavíkurvegi, sem liggur innan þess.

Í greinargerð hefur verið bætt við aðgerðum til að draga úr mengunarhættu:

- ▶ Móta og ákveða þarf ráðstafanir sem minnka verulega hættuna á að umferðaróhöpp valdi grunnvatnsmengun. Sú vinna skal gerð í samráði við Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja og Vegagerðina.
- ▶ Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja, Samband Sveitarfélaga á Suðurnesjum og Vegagerðin þurfa að ákveða þær aðgerðir sem ráðast þarf í á Grindavíkurvegi, sem verður innan grannsvæðis í Lágum. Aðgerðir sem þarf m.a. að skoða er að aðskilja akstursstefnur, setja upp vegrið, olíugildrur og leggja sandfang í vegöxl. Tilgangur aðgerða er að draga verulega úr hættu á olíumengun í megin vatnsbóli Suðurnesja.